

BORGARRÁÐ 21. nóvember 2024: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tilkynningu lóðasamninga Reykjavíkurborgar og RÚV til Eftirlitsstofnunar EFTA – MSS24110146

Borgarráð samþykkir að úthlutun Reykjavíkurborgar á byggingarheimildum til Ríkisútvarpsins ohf., vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis að Efstaleiti 1, verði tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Ljóst er að ríkisaðstoðarreglur EES samningsins og reglur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) setja fjármögnun ríkisstyrktra fjölmiðla nokkur takmörk. Með tilkynningunni freisti borgarráð þess að fá úr því skorið hvort þau opinberu gæði sem framseld voru Ríkisútvarpinu án endurgjalds árið 2015 (að verðmæti 2,2 milljörðum króna að núvirði), hafi falið í sér ólögmætan opinberan stuðning til ríkisstyrkts fjölmiðils, sem gangi í berhögg við ríkisaðstoðarreglur gagnvart útvarpsrekstri í almannapjónustu. Jafnframt verði fengið úr því skorið hvort Reykjavíkurborg hafi með framsali sínu á verðmætum byggingarheimildum, skapað Ríkisútvarpinu efnahagslegt forskot á samkeppnisaðila sem ríkismiðillinn hefði ekki haft við eðlilegar markaðsaðstæður.

Greinargerð

Árið 2015 gekk Reykjavíkurborg til samninga við Ríkisútvarpið um lóðaréttindi og byggingarétt á lóðinni við Efstaleiti 1. Heildarverðmæti þess byggingarréttar sem Reykjavíkurborg framseldi Ríkisútvarpinu án endurgjalds, nam 1.966 m.kr. og var kostnaður Ríkisútvarpsins við að gera lóðina söluhæfa 495 m.kr. Heildaráðstöfunarfé sem Ríkisútvarpinu var fengið í hendur með téðum samningi nam því eftir lóðasöluna 1.471 m.kr. eða því sem nemur 2,2 milljörðum króna að núvirði. Verðmætunum sem Reykjavíkurborg framseldi án endurgjalds var að lokum ráðstafað til niðurgreiðslu skulda Ríkisútvarpsins og vörnuðu ríkismiðlinum frá greiðsluþroti.

Í nóvember árið 2019 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um rekstur og aðgreiningu rekstrarþátta Ríkisútvarpsins ohf. Í skýrslunni fjallaði Ríkisendurskoðun um áðurgreindan samning og taldi athyglisvert að Reykjavíkurborg hafi gengið til samninga við Ríkisútvarpið um lóðaréttindi og byggingarétt á lóðinni við Efstaleiti án þess að gera kröfu um hefðbundin byggingarréttargjöld og þátttöku í stofnkostnaði innviða. Sagði Ríkisendurskoðun athyglisvert hversu lítil hluti afraksturs þessa samnings kom í hlut borgarinnar og ljóst að borgin hefði framselt umtalsverð verðmæti til ógjaldfærs opinbers hlutafélags til að hæggt yrði að lækka skuldir þess.

Í ljósi þeirra takmarkana sem ríkisaðstoðarreglur EES samningsins og reglur Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) setja á fjármögnun ríkisstyrktra fjölmiðla, telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks einsýnt að tilkynna málið til ESA. Telja fulltrúarnir mikilvægt að fá úr því skorið hvort samningar borgarinnar við Ríkisútvarpið – þar sem opinber gæði að verðmæti 2,2 milljarða króna að núvirði voru framseld án endurgjalds - hafi falið í sér ólögmætan opinberan stuðning til ríkisstyrkts fjölmiðils, sem gangi í berhögg við ríkisaðstoðarreglur gagnvart útvarpsrekstri í almannapjónustu. Jafnframt þurfi að fá úr því skorið hvort Reykjavíkurborg hafi með framsali sínu á verðmætum byggingarheimildum, skapað Ríkisútvarpinu efnahagslegt forskot á samkeppnisaðila sem ríkismiðillinn hefði ekki haft við eðlilegar markaðsaðstæður.